

Tillaga borgarfulltrúa Framsóknarflokksins um hestamennsku í Reykjavík til 2050

Borgarstjórn samþykkir að hefja vinnu við stefnumótun um hestamennsku í Reykjavík til 2050. Komið verði á fót stýrihópi til að móta stefnuna með hagaðilum. Borgarráði verði falið að móta erindisbréf stýrihópsins í samráði við hagaðila og verði hagaðilum jafnframt tryggð þátttaka í stýrihópnum ásamt kjörnum fulltrúum.

Greinargerð

Hesturinn hefur verið órjúfanlegur hluti af sögu og menningu Reykjavíkur frá upphafi byggðar. Innan borgarmarkanna er kraftmikið hestasamfélag sem er einstakt í alþjóðlegu samhengi enda ekki margar höfuðborgir sem geta státað sig af því að hafa innan borgarmarkanna blómlega hestamennsku, laxveiðiútivistarsvæði og borgarsamfélag. Til að styðja við það öfluga starf sem er til staðar í kringum hestamennsku í Reykjavík er mikilvægt að mótuð verði skýr stefna um hestamennsku í Reykjavík til ársins 2050.

Slík stefna þarf að tryggja að hestamennska eigi áfram tryggan sess í borginni og að aðstaða til hestaíðkunar verði vel skipulögð til framtíðar. Mikilvægt er að skilgreina og varðveita reiðstíga, tryggja tengingar þeirra við útivistarsvæði og skipuleggja framtíðarsvæði fyrir hesthús, æfingaaðstöðu og keppnishald t.a.m. með því að kanna grundvöll fyrir þjóðarleikvangi hestaíþróttar í Víðidal. Með þessu er stuðlað að því að skapa heildstæða og örugga umgjörð fyrir hestamenn í Reykjavík, sem mætir þörfum þeirra sem eru atvinnumenn í hestaíþróttum, þeirra sem eru frístundiðkendum auk barna- og ungmennastarfs.

Íslenski hesturinn hefur sérstaka þýðingu fyrir Ísland. Hann er stór hluti af menningararfi þjóðarinnar og hefur stóru hlutverki að gegna í landkynningu Íslands og Reykjavíkur. Því er mikilvægt að Reykjavíkurborg haldi áfram að vera vettvangur fyrir viðburði sem tengjast íslenska hestinum, svo sem Landsmót hestamanna, sem dregur að mikinn fjölda bæði innlendra og erlendra gesta og styrkir ímynd borgarinnar á alþjóðavettvangi. Með markvissri stefnumótun má efla slíka viðburði og skapa ný tækifæri fyrir borgina og hestamennsku í heild. Á Reykjavíkurmestaramóti Fáks í Víðidal í sumar var til dæmis sett heimsmet í fjölda skráðra keppenda á hestamannamóti en fjöldi þeirra fór yfir eitt þúsund.

Hestamennska sem íþrótt hefur mikið gildi fyrir lýðheilsu iðkenda á öllum aldri sem og forvarnargildi fyrir börn og ungmenni. Mikil tækifæri eru til þess að auka aðgengi barna að hestamennsku með bættri aðstöðu og umgjörð í kringum hestamennsku í Reykjavík. Þannig væri hægt að fjölga iðkendum og styrkja samfélag hestamanna til framtíðar.

Til að tryggja að hestamennska í Reykjavík geti haldið áfram að þróast og dafna er mikilvægt að ráðist verði í stefnumótun í víðtæku samráði við hagaðila. Borgarráði er því falið að móta erindisbréf stýrihópsins í nánú samstarfi við hagaðila, og jafnframt skal þeim tryggð þátttaka í stýrihópnum sjálfum. Gert er ráð fyrir að stýrihópurinn verði skipaður fimm kjörnum fulltrúum, þ.e. þremur úr meirihluta og tveimur úr minnihluta, auk fulltrúa hagaðila sem skilgreindir verða í erindisbréfi.

Með samþykkt þessarar tillögu er stigið mikilvægt skref í átt að því að efla og styrkja hestamennsku í Reykjavík til framtíðar.